

Alþingi
Erindi nr. P 138/2399
komudagur 18.5.2010



Nefndasvið Alþingis

Samgöngunefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2010.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, 582. mál.

Alþingi hefur gert drög að samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, sbr. lög nr. 33/2008 um samgönguáætlun. Vátryggingafélag Íslands hf., VÍS, hefur fengið til umsagnar framangreinda þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012.

VÍS lýsir yfir verulegum áhyggjum sínum á miklum niðurskurði í umferðaröryggismálum, til að mynda í áróðri og fræðslu. Einnig lýsir VÍS áhyggjum yfir niðurskurði á verkefnum er snúa að lagfæringum á slysstöðum og að draga eigi úr umferðareftirliti lögreglunnar. Niðurskurður þessi er varhugaverður þar sem fjöldi alvarlegra slasaðra í umferðinni á undanförunum árum hefur ekki minnkað, þó banaslysum í umferðinni hafi fækkað.

VÍS lýsir enn fremur óánægju sinni yfir því að umferðaröryggisgjald (90 milljónir) renni ekki lengur til Umferðarstofu, enda er það eitt af meginhlutverkum Umferðarstofu að sinna áróðri og fræðslu til þess að efla öryggi í umferðinni. Sá góði árangur sem náðst hefur með áróðri og fræðslu í umferðaröryggismálum verður kastað fyrir róða.

Á tímum þegar niðurskurður er í umferðarmálum er mikilvægt að forgangsraða verkefnum og láta umferðaröryggi ráða för, velja þá staði þar sem slysin eru flest og velja þær framkvæmdir sem skila mestu í öryggismálum. VÍS telur umferðarmagn á Suðurlandsvegi þoli 2 + 1 veg með aðskildum akstursstefnum en á kafla hans hefur verið ákveðið að setja 2 + 2 veg, þrátt fyrir mun meiri kostnað við þá framkvæmd. Umferðarráð hefur ályktað um þetta mál og telja að með því að gera 2 + 1 veg sé hægt að leggja öruggari leið á mun lengri kafla en nú er gert með 2 + 2 vegi.

Öll ofangreind atriði leiða líkum að því að umferðaröryggi á Íslandi muni versna á komandi árum.

Félagið telur þó rétt að gera frekari athugasemdir við einstaka þætti í samgönguáætluninni:

Siglingamálaáætlun

VÍS fagnar því að stefnt sé að fækka tjónum á skipum og alvarlegum slysum sjómanna á næstu árum, ásamt því að nota rannsóknir á sjóslysum til að stuðla að bættum lögum og reglugerðum um öryggi skipa og áhafna. Félagið lýsir áhyggjum yfir því að draga eigi úr framlagi ríkissjóðs til áætlunar um öryggi sjófarenda úr 50% frá 2010 til 2012, þ.e. úr 20 milljónum í 10 milljónir króna á ári. Enn fremur



lýsir félagið áhyggjum sínum vegna niðurskurðar á rannsóknum og þróun í þessum málaflokki, úr 50 milljónum árið 2010 niður í 39,7 milljónir króna næstu tvö árin. Í ljósi tíðra slysa sjómanna (238 slys tilkynnt til Tryggingastofnunar Ríkisins) og tveggja dauðaslysa á árinu 2009 telur félagið þetta vera óheilla skref þar sem niðurskurðurinn mun bitna á eftirfarandi þáttum í öryggismálum sjómanna:

- Menntun og þjálfun sjómanna
- Gerð fræðsluefnis, leiðbeininga, söfnun og miðlun upplýsinga
- Rannsóknum og þróun í öryggismálum sjómanna

Umferðaröryggisáætlun

Árið 2005 var skipaður samráðshópur sem setti fram umferðaröryggisáætlun til ársins 2016 með það að markmiði að efla umferðaröryggi, fækka slysum og lækka slysakostnað. Árið 2010 er reiknað með töluverðum niðurskurði í umfangi umferðaröryggisáætlunar. Skorið verður niður á flestum vígstöðum:

- Áróðri
- Umferðarfræðslu
- Verkefnum er snúa að lagfæringu á slyastöðum
- Umfang umferðareftirlits lögreglu verður minna en á undanförunum árum

Þetta er umhugsunarvert í ljósi þess að fjöldi alvarlegra slasaðra í umferðinni á undanförunum árum hefur ekki minnkað, þó dregið hefur úr banaslysum. Sá hluti umferðaröryggisáætlunar er koma frá umferðaröryggisgjaldi (90 milljónir) var felldur niður í fjárheimild Umferðarstofu árin 2009 og 2010 og er hvorki reiknað með honum árin 2011 né 2012. Óverulegum fjármunum af vegafé er varið til umferðaröryggismála og telur félagið það mjög bagalegt þar sem fræðsla og áróður eru meginatriði í umferðaröryggismálum. Óhætt er að segja að með þessu sé kastað fyrir róða þeim árangri sem náðst hefur í umferðarfræðslumálum. Ofan á þetta er reiknað með 40 milljóna króna samdrætti til umferðaröryggisáætlunar árin 2011-2012.

Virðingarfyllst,

f.h. Vátryggingafélags Íslands hf.

Sara Halldórsdóttir,

f.h. Ólafs Lúthers Einarssonar hdl.